

Útflutningur, fjárfestingar og hagvöxtur

Ágætu gestir útflutningsþings

Það er mér heiður og ánægja að ávarpa ykkur hér í dag fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins.

Samtök atvinnulífsins kynntu fyrir þremur mánuðum aðgerðaáætlun sína til endurreisnar íslensks atvinnulífs undir yfirskriftinni; „Atvinna fyrir alla“. Þar eru raktar helstu aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að efla hagvöxt, draga úr atvinnuleysi og auka kaupmátt. Þessa aðgerðaáætlun geta áhugasamir nálgast á heimasíðu samtakanna – sa.is

Á Íslandi er nú meira atvinnuleysi en nokkru sinni áður og sló það öll met á síðastliðnu ári og var 7,2% skv. nýjum mælingum Hagstofunnar og enn meira skv. mælikvörðum Vinnumálastofnunar.

Það hlýtur að vera algjört forgangsmál að skapa atvinnu fyrir þá 17 þúsund Íslendinga, sem nú ganga um atvinnulausir.

Auk þessa hefur kaupmáttur launa dregist verulega saman á undanförunum misserum hjá þeim, sem þó hafa vinnu. Fjölmörg heimili búa við mikla fjárhagsörðugleika og sama má segja um ótal mörg fyrirtæki.

Mikill seinagangur hefur því miður einkennt öll viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessu ófremdarástandi, ef undan er skilin snaggaraleg aðkoma hennar að markaðsátaki til að bregðast við þeirri ógn, sem blasir við íslenskri ferðaþjónustu á erlendum mörkuðum vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Væri vissulega óskandi, að viðbragðsflýtir ríkisstjórnarinnar væri hinn sami í mörgum öðrum úrlausnarefnum, sem að okkur steðja.

Forgangsatriði í hagstjórninni

Lykilþáttur í fyrrgreindri aðgerðaáætlun Samtaka atvinnulífsins er aukning útflutnings.

Fjárfestingar í útflutningsgreinum verða að draga vagninn, til að unnt sé að auka hagvöxt á næstu árum og skapa atvinnu fyrir alla.

Það gerist einungis með því, að sköpuð verði skilyrði til að efla fjárfestingar, hvort sem er í ferðaþjónustu, orkufrekum iðnaði, sjávarútvegi eða öðrum greinum – í smáum sem stórum fyrirtækjum.

Til þess að hvetja almennt til fjárfestinga er nauðsynlegt, að nokkur grunnskilyrði séu uppfyllt. Seðlabankinn lækkaði vextina um 0,5% í gær - nú í 8,5%. Til að ná sem svarar 3% vaxtamun við evrusvæðið, sem menn hafa talið eðlilegt viðmið, þarf að lækka vextina um

4,5% til viðbótar. Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað bent á, að vaxtalækkunarferli Seðlabankans hefur gengið alltof hægt frá bankahruni, og þannig tafið endurreisn atvinnulífsins.

Þá verður að afnema gjaldeyrishöftin. Því fyrr sem þau eru afnumin, því fyrr kemst gengi krónunnar á eðlilegt ról en raungengi íslensku krónunnar er nú skráð 30% lægra, en sögulegt meðaltal segir til um.

Íslenska bankakerfið verður að hafa traust alþjóðleg tengsl og geta boðið viðskiptavinum sínum sambærilega þjónustu og í boði er, í nálægum löndum.

Fyrirtækin verða að hafa aðgang að markaði fyrir skuldabréf og hlutabréf og endurreisn verðbréfamarkaðar er enn einn lykilþáttur í endurreisn atvinnulífsins.

Fyrirtækin verða að hafa svigrúm til þess að stunda nýsköpun, skapa ný störf og geta hagnast og greitt eigendum sínum eðlilegan arð.

Þetta hangir allt saman. Útflutningur – fjárfestingar – hagvöxtur.

Því fyrr sem almenn samstaða næst um, að þetta séu forgangsatriði í hagstjórninni ásamt niðurskurði í ríkisútgjöldum, því fyrr tekst að draga úr atvinnuleysi, auka kaupmátt og bæta velferð hér á landi að nýju.

Það má reikna með að gengi krónunnar haldist tiltölulega lágt um sinn, en það skapar hagstæð skilyrði fyrir fjárfestingar í útflutningsgreinum.

Nýta verður tækifærin

Þær fjárfestingar verða að vera á breiðu sviði með langtímasýn að leiðarljósi. Þetta felur í sér að byggja verður upp atvinnustarfsemi í útflutningsgreinum, sem geta verið samkeppnishæfar þrátt fyrir, að raungengi muni hækka og launakostnaður aukast.

Það verður að nýta þau tækifæri, sem nú bjóðast til fjárfestinga í hefðbundnum gjaldeyrisskapandi greinum s.s. orkufrækri starfsemi og orkuframleiðslu.

Mikil tækifæri felast einnig í ferðaþjónustu utan háannar. Ætla má að fjárfesting í markaðssetningu landsins sem ferðamannalands yfir vetrartímann geti skilað sér margfalt til baka. Þar gefur reynsla frænda okkar, Finna, góðar vísbendingar um árangur, sem unnt er að ná með markvissum og skipulögðum vinnubrögðum, nýsköpun og rannsóknum.

Framtíðarsýn hátækni- og sprotafyrirtækja er mjög uppörvandi en 18 þeirra stefna að því að vaxa samanlagt um 8 milljarða króna á ári fram til ársins 2013. Þar gegnir sókn þessara fyrirtækja á erlenda markaði lykilhlutverki.

Það er nauðsynlegt að styðja enn frekar við nýsköpun í þessum fyrirtækjum með tiltækum ráðum s.s. með hærri skattaafslætti vegna rannsókna, en þegar hefur verið gert og endurvekja afslætti vegna hlutafjárkaupa.

Mjög ánægjulegt hefur verið að fylgjast með þróun skapandi greina á undanförunum árum, þar sem aðilar sem tengjast hönnun, tónlist, annarri listsköpun og framleiðslu úr íslensku hráefni hafa verið að hasla sér völl og eiga framtíðina fyrir sér.

Útflutningsráð hefur einmitt stutt dyggilega við þessa gjaldeyrisskapandi sprota.

Mikilvægt er að þessir aðilar og aðrir sem eru að þróa gjaldeyrisskapandi starfsemi eigi áfram aðgang að stuðningi við markaðssókn á erlenda markaði. Miklar vonir eru bundnar við nýstofnaða Íslandsstofu í þessum efnum, eins og ég mun víkja að síðar.

Ekki verður skilið við þessar hugleiðingar án þess að nefna þá gífurlegu möguleika, sem hafa skapast til markaðssetningar á netinu og hraða þróun hinna nýju samfélagsmiðla eins og Facebook og Twitter. Í þessu umhverfi liggja stærstu möguleikar í markaðssókn íslenskra útflutningsgreina á næstu misserum og árum.

Útflutningur aukist um 7 – 8% á ári

Eftir nokkurn samdrátt í alþjóðaviðskiptum á síðasta ári er nú gert ráð fyrir, að hagvöxtur á alþjóða vísu aukist um 5% á þessu ári og aukningin verði svipuð næstu árin. Spár íslenskra stjórnvalda gera ráð fyrir hægum vexti útflutningstekna á næstu árum.

Mun betur verður að gera en að ná 1 – 2% aukningu útflutnings nú þegar raungengi krónunnar er lægra en nokkru sinni fyrr. Það er nauðsynlegt að setja markmið um að útflutningurinn aukist um 7 – 8% á ári á næstu árum og stefna að því, að vöxtur hér á landi verði 1 – 2% umfram árlega aukningu alþjóðaviðskipta.

Í aðgerðaáætlun SA er sýnt hvernig unnt geti verið að auka útflutning hér á landi um 60 – 70 milljarða króna á ári með markvissum og samhæfðum aðgerðum og efla þannig hagvöxt og auka fjárfestingar með bættum almennum skilyrðum til atvinnurekstrar.

Til þess að það verði unnt, verður ríkisvaldið að taka höndum saman við atvinnulífið, verkalýðshreyfinguna og sveitarfélög um nauðsynlegar aðgerðir og nýja endurreisnaráætlun, sem komið getur atvinnulífinu á réttan kjöl. Innihaldslausar yfirlýsingar eins og gefnar voru við gerð stöðugleikasáttmálans sáluga síðastliðið sumar duga ekki í þeim efnum.

Íslandsstofa þjónustar fyrirtækin

Samkvæmt nýsamþykktum lögum verður innan átta vikna haldinn stofnfundur Íslandsstofu, sem tekur við öllum réttindum og skyldum, eignum og skuldum núverandi Útflutningsráðs Íslands. Þar er vonast til að komist á víðtækt samstarf atvinnulífsins, utanríkisþjónustunnar og annara stjórnvalda til að efla íslenskan útflutning og markaðsstarf erlendis.

Sérstaklega bindur ferðapjónustan miklar vonir við að vel takist til, enda á hin nýja Íslandsstofa að taka við þeim verkefnum, sem áður voru unnin af Ferðamálastofu og tengjast markaðssókn erlendis.

Það er mikilvægt að hlúa að þeim sprotum, sem nú eru að vaxa fram í atvinnulífinu og tryggja að þeir hafi aðgang að mikilvægri þjónustu – fræðslu og leiðbeiningum – þegar þeir hefja sókn á erlenda markaði. Það verður meginhlutverk Íslandsstofu.

Samstillt átak nauðsyn

Með öflugum og samstilltu átaki fyrirtækjanna, stjórnvalda og annara er unnt að lyfta grettistaki. Til þess verða þó skilyrði til atvinnurekstrar að vera, eins og best verður á kosið.

Háir vextir, gjaldeyrishöft, lcesave deilur við nágrannaríkin, pólitísk óvissa, óstöðugt skattaumhverfi og ótti stjórnvalda við erlendar fjárfestingar eru þó ekki gott veganesti til að styrkja útflutning, auka fjárfestingar og efla þar með hagvöxt.

Það er lykilatriði, að stjórnvöld hafi hin einföldu grunnatriði árangursríkrar hagstjórnar um aukningu útflutnings, fjárfestingar og afleiddan hagvöxt í algerum forgangi.

Beri þau gæfu til þess mun okkur takast að vinna bug á efnahagsörðugleikunum á skemmri tíma en okkur órar nú fyrir.

Takk fyrir